

From: Þórarinn Þorgeirsson [<mailto:thorarinn.thorgeirs@kaupthing.com>]
Sent: 21. desember 2012 12:48
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: Guðríður Svana Bjarnadóttir; Davíð Stefánsson - Kaupthing; Kolbeinn Árnason
Subject: afnám afdráttarskatta á vaxtatekjur

b.t. nefndaritara efnahags-og viðskiptanefndar,

Vísað er til nefndarálits meiri hluta efnahags-og viðskiptanefndar um ráðstafandir í ríkisfjárum

Fram kemur að nefndin leggi til að ákvæði um afnám afdráttarskatta á vaxtatekjur taki tilteknum breytingum, þ.e. lagt er til að eftirfarandi texta sé bætt við ákvæðið:

„ Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. skal ekki greiða skatt af vöxtum af lánasamningum, þ.m.t. sambankalánnum, við erlend fjármálafyrirtæki sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði enda séu ekki eignatengsl á milli greiðanda vaxtanna og móttakanda þeirra.“

Í nefndaráliti með ákvæðinu segir:

„Meiri hlutinn telur með hliðsjón af markmiðum um tekjuöflun ríkissjóðs og því að koma skuli í veg fyrir skattasniðgöngu að þarfir íslensks atvinnulífs standi ekki til þess að afnema eigi með öllu ákvæði um skattlagningu vaxta úr landi. Leggur meiri hlutinn því til að sett verði ákveðin hlutlæg skilyrði fyrir vaxtafrelsinu sem nánar tiltekið felast í því að um sé að ræða vexti af lánasamningum, þ.m.t. sambankalánnum, við erlend fjármálafyrirtæki sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði enda séu ekki eignatengsl á milli greiðanda vaxtanna og móttakanda þeirra.“

Með hliðsjón af þessari breytingu sem er lögð til vill Kaupþing koma eftirtöldu á framfæri:

- i) lánasamningar, þ.m.t. sambankalán, eru ekki tækir til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði, það eru bara verðbréf (fjármálagerningar) sem eru tæk til skráningar á skipulegum verðbréfamörkuðum.
- ii) Ákvæðið eins og því er breytt virðist bara taka til lánasamninga en ekki skuldabréfa.
- iii) Jafnvel þó ákvæðið tæki líka til skuldabréfa eru þau oft ekki skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum og skráning skuldabréfa á markaði hefur almennt ekki sömu þýðingu og skráning hlutabréfa (oft eru skuldabréf eingöngu skráð á markað vegna takmarkana ýmissa fjárfesta til að eiga viðskipti með óskráð verðbréf).

Eins og fram hefur komið við meðferð málsins hefur núverandi ákvæði gert það að verkum að uppgjörsaðilar (greiðslumiðlanir) eins og Euroclear og Clearstream hafa ekki vilja taka í gegnum kerfin hjá sér skuldabréf útgefnum af íslenskum aðilum þar sem ákvæðið myndi þýða að þessir aðilar þyrftu að annast innheimtu afdráttarskattsins. Þetta hefur jafnframt komið í veg fyrir að íslenskir aðilar (s.s. Landsvirkjun og fjármálafyrirtæki) hafi getað fjármagnað sig með alþjóðlegum skuldabréfum (EMTN). Ef framangreind breyting verður að veruleika þá er hætt við því að það verði óbreytt. Við bendum jafnframt á umfjöllun Seðlabanka Íslands um mikilvægi aðgangs íslenskra aðila að alþjóðlegum fjármalamörkuðum fyrir fjármálastöðugleika Íslands sbr. m.a. eftirfarandi <http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9702>.

Þá verður ekki séð að brottfelling ákvæðis 8. tl. 4. gr. tekjuskattslaga (eins og lagt var til í 4. gr. frumvarpsins) muni leiða til þess tekjutaps sem vikið er að í nefndarálitinu þar sem breytingin mun að öllum líkindum koma í veg fyrir að umrædd skuldabréf verði gefin út.

Að teknu tilliti til alls framangreinds leggst Kaupþing því gegn framangreindri breytingartillögu.

Ef ekki stendur hins vegar vilji til þess að halda ákvæðinu óbreyttu eins og það var lagt fram í 4. gr. frumvarpsins (þ.e. að fella brott 8. tl. 4. gr. tekjuskattslaga) vill Kaupþing hvetja efnahags-og viðskiptanefnd til að endurskoða breytingartillöguna frekar þannig að:

- a) Ákvæðið taki einnig skýrlega til skuldabréfa
- b) Það sé ekki skilyrði að skuldabréfin þurfi að vera skráð á skipulegum verðbréfamarkaði
- c) Skilgreint sé frekar hugtakið eignatengsl þannig að það nái þeim tilgangi sem vikið er að í nefndarálitinu en verði ekki óhæfilega víðtækt,

Óskað er eftir því að þessum pósti sé komið á framfæri við efnahags-og viðskiptanefnd hið fyrsta og Kaupþing er að sjálfsögðu reiðubúið til frekari viðræðna og/eða tillagna vegna málsins ef eftir því er óskað,

Virðingarfyllst,

Thorarinn Thorgeirsson
Associate Managing Director